

Nemandinn „Ég“

Í þessu verkefni eigið þið að velta fyrir ykkur hvernig þið takist á við nám ykkar og *“Hvernig nemandi er ég – hvernig nemandi vil ég vera?”*

Hæfniviðmið

- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfspekkingar.
- Ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleysis.
- Sýnt sjálfsgaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga

Verkefni

Verkefnið ykkar er að hanna veggspjald/infograph um námstækni og kynna fyrir samnemendum.

Þið vinnið 2 saman.

Ýmislegt efni er til bæði á Pinterest, Google og YouTube með því að leita að study techniques, study hax, tips for learning o.sfrv.

Growth mindset-fixed mindset.

Námsmarkmið

- Hugleiða hverskonar námsmenn nemendur eru
- Hanna veggspjald eða rafrænt infograph
- Kynna verkefnið fyrir hópnum

Viðmið um árangur

- Í verkefninu eru nefnd 10 atriði sem ykkur finnst skipta máli til að vera betri námsmenn
- Veggspjaldið getur gagnast öðrum (munið að hafa veggspjaldið hvetjandi, grípandi og myndskreytt).
- Á veggspjaldi er hvetjandi slagorð.
- Hugtökin um vaxandi og fastmótað hugarfar eru útskýrð með myndum (skýringarmynd).
- QR kóði með skemmtilegum upplýsingum á bakvið (YouTube myndband eða eigin myndband með útskýringum)
- Hópavinna gekk vel.
- Verkefni var skilað á réttum tíma.